

**Ed.**

**260. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 3, 13. mars 1891, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kaптúnum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í stað 1. og 2. gr. í lögum nr. 3, 13. marz 1891, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kaптúnum o. fl., komi tvær greinar, svo hljóðandi:

1. gr.

Ef maður vill fá sjer útmælda óbygða lóð í kaupstað, löggiltu kaптúni eða veiðistöð, til þess að hefja þar verslun, enda sje honum heimilt að lögum að reka verslun á Íslandi, eða til þess að reka þar iðnað eða sjávarútgerð, skal hann brjeflega beiðast útmælingar hjá lögreglustjóra, sem kveður með sjer tvo kunnuga og óvilhalla menn og til tekur með þeim lóð þá, sem þörf er á til of-annefnds atvinnureksturs. Sje það í kaupstað, framkvæmir byggingarnefndin útmælinguna.

2. gr.

Bæði þeir, sem eiga lóðina í löggiltu kaптúni eða veiðistöð eða stórar óbygðar lóðir í kaupstöðum, og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignast yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri, með binum tilkvöddu mönnum, eða í kaupstöðum byggingarnefndin, ákveður, ef málsaðilar koma sjer eigi saman um endurgjaldið, svo mikla óbygða lóð, sem þörf þykir á til hins fyrirhugaða atvinnureksturs, enda sje lóðin eigi nauðsynleg við rekstur verslunar, iðnaðar eða útgerðar, sem þar er fyrir.

Rjett á lóðareigandi til, að ársleigan eftir lóð hans sje metin á ný á 25 ára fresti eða um hana samið.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta fer fram á þá breyting á lögunum um að fá útmældar lóðir, að mæla megi lóðir einnig fyrir iðnað og sjávarútgerð, og einkum að því

er hið síðara snertir einnig í veiðistöðum, þótt utan kauptúna sje. Stendur þessi breyting í sambænda við aðra lagabreyting, sem Ed. hefir þegar gert á lögum um notkun hafna, og er nauðsynleg til þess að sú breyting komi að notum.

Jafnframt þykir sanngjarnt, að ársleigu eftir lóðirnar megi meta á ný á nokkurra ára fresti, þar sem verð á leigu á lóðum getur verið háð miklum breytingum.